

Ed.

385. Breytingartillögur

[173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.
2. Við 13. gr. Í stað orðsins „bæjarfulltrúar“ í 3. mgr. komi: borgarfulltrúar.
3. Við 32. gr.
 - a. Fyrir „bæjarstjórn“ í 2. mgr. komi: borgarstjórn.
 - b. 3. mgr. orðist svo:
Ákvæði laga þessara um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.
4. Við 59. gr. Í stað „samkvæmt 52. gr.“ komi: samkvæmt 53. gr.
5. Við 95. gr. 3. mgr. orðist svo:
Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.